


Gildi FFR

Ráðdeild

FFR vill stuðla að faglegum vinnubrögðum með öflugum fræðslustarfi, miðlun þekkingar og samvinnu við þá sem best til þekkja. Vinna af ráðdeild og skilvirkni.



Framsækni

FFR vill stuðla að þróun og breytingum á starfi forstöðumanna, sem og í opinberri þjónustu við samfélagið



Samráð

FFR telur að árangursríkt samstarf hagsmunaaðila sé lykill að góðum samskiptum og til að vinna að farsælli lausn mála.

FFR vill gæta að virðingu í samskiptum á öllum stigum stjórnsýslunnar, gagnvart þeim sem við þjónustum og hvert gagnvart öðru

Hlutverk FFR

Efla tengsl forstöðumanna

Móttaka og fræðsla fyrir nýja forstöðumenn.

Auka þátttöku í félaginu með fyrirlestrum, umræðuhópum, vinnuhópum og kynningu stofnana á hver annarri.

Leiða saman forstöðumenn til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

Styðja við forstöðumenn vegna sértækra úrlausnarefna.

Efla fræðslu fyrir forstöðumenn

Fundir sendir út með fjarfundabúnaði.

Halda úti öflugri fræðsludagskrá.

Öflug heimasíða og nýtum okkur samfélagsmiðla til að ná til félagsmanna.

Vinna að réttinda- og kjaramálum félagsmanna

Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum gagnvart kjararáði.

Hagsmunir gagnvart réttindasjóðum.

Stuðla að tækifærum forstöðumanna til endurmenntunar.

Stuðla að hreyfanleika félagsmanna milli sambærilegra starfa.

Styðja forstöðumenn við starfslok.

Vera tengiliður og samstarfsaðili við stjórnvöld

Tökum þátt í nefndum og vinnuhópum hagsmunaaðila í samvinnu við stjórnvöld fyrir hönd félagsins.

Veitum umsagnir um frumvörp og tillögur stjórnvalda.

Höldum á lofti sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna gagnvart stjórnvöldum.

Vera tengiliður við almenning og fjölmiðla um almannaheill

Vera málsvari forstöðumanna út á við.

Efla upplýsingar til almennings.

Veita góðar og áreiðanlegar upplýsingar um stofnanir ríkisins .

Vinna að auknu gagnsæi innan stjórnsýslunnar.

Koma á framfæri að stofnanir vinna í almannaþágu og auka traust á stofnunum.